



339 Örorkutrygging tengd Launavernd Landsbankans

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðaskýringar

- 1.1 Váttryggingasamningi þeim sem skilmálar þessir gilda um var komið á samkvæmt samningi váttryggingartaka við Landsbanka Íslands hf. um Launavernd. Réttindum og skyldum bankans samkvæmt samningnum var síðan ráðstafað til Landsbankans hf. (upphaflega Nýja Landsbanki Íslands hf.) með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008 um ráðstöfun eigna Landsbanka Íslands hf. kt. 540291-2259, til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. 471008-0280, nú Landsbankans hf. Váttryggingarsamningurinn er á hinn bóginn um einstaklingsbundna váttryggingu á tillits til samningsins milli váttryggingartaka og Landsbankans, sbr. (samanber) þó gr. (grein) 2.1.
- 1.2 Grundvöllur váttryggingarsamnings eru skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður.
- 1.3 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. **félagið**, TM tryggingar hf.,
 - b. **Landsbankinn**, Landsbankinn hf. (áður Landsbanki Íslands hf.),
 - c. **váttryggingartaki**, sá sem gert hefur samning við félagið um váttrygginguna,
 - d. **váttryggður**, sá maður hvers heilsu váttryggingin tekur til,
 - e. **váttryggingarfjárhæð**, sú fjárhæð sem greidd er út við váttryggingaratburð í formi eingreiðslu,
 - f. **slys**, skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans,
 - g. **sjúkratímabil**, tímabil þegar einstaklingur missir meira en helming starfsorku af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar,
 - h. **vísitala**, vísitala neysluverðs til verðtryggingar

2. Gildistími váttryggingarinnar.

- 2.1 Ábyrgð félagsins hófst þegar það hafði móttengið og samþykkt útfyllta og undirritaða umsókn um örorkutryggingu ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum, en þó ekki fyrr en á þeim degi sem tilgreindur er í váttryggingarumsókn. Hvað sem því leið hófst ábyrgð félagsins þó aldrei fyrr en Landsbankinn hafði staðfest til félagsins móttöku greiðslna í viðbótarlífeyrissjóð og að launareikningur hafi verið virkur skv. samningi um Launavernd. Örorkutrygging endurnýjast árlega til 60 ára aldurs váttryggðs og fellur endanlega úr gildi á lokadegi þeim sem tilgreindur er í skírteininu enda hafi hún ekki fallið úr gildi áður vegna vangreiðslu skv 3. gr.
- 2.2 Í tengslum við árlega endurnýjun váttryggingarinnar getur váttryggður sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga nýs tímabils skv. 3. gr. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Uppsögnin skal vera skrifleg.
- 2.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 2.4 Hafi váttryggður verið metinn til varanlegrar örorku af völdum sjúkdóma eða slyss einu sinni eða oftari og þannig að metin varanleg örorka nemur samanlagt 100% eða meira og félagið greitt örorkubætur sem nemur allri váttryggingarfjárhæðinni auk verðbóta skv. 12. og 13. gr. fellur váttryggingin sjálfkrafa úr gildi og verður ekki endurnýjuð frekar. Ákvæði þetta girðir ekki fyrir að váttryggingunni verði sagt upp fyrr hafi skilyrði til þess skapast, sbr. m.a. (meðal annars) 3. mgr. (málsgrein).



339 Örorkutrygging tengd Launavernd Landsbankans

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

3. Iðgjaldagreiðslur og áhrif þess að sé iðgjald ekki greitt.

- 3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.2 Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti lýkur sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu með ítrekun um greiðslu, þar sem gefinn skal 14 daga lokafrestur til greiðslu, en að loknum þeim fresti fellur váttryggingin niður sé iðgjald þá enn ógreitt.
- 3.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 3.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 3.5 Falli váttryggingin niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald hlutfallslega fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi.
- 3.6 Hafi ábyrgð félagsins fallið niður vegna vangreiðslu skv. 2. mgr. eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta má endurvekja váttrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til, ef vangoldið endurnýjunariðgjald ásamt iðgjaldi skv. 5. gr. og áföllnum dráttarvöxtum er greitt að fullu innan þriggja mánaða eftir að ábyrgðin féll niður. Hefst þá ábyrgðin daginn eftir að fullnaðargreiðsla var innt af hendi.
- 3.7 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Hvar váttryggingin gildir.

- 4.1 Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum, sbr. þó. 5. gr.

5. Áhættubreyting.

- 5.1 Iðgjald fyrir váttrygginguna tekur m.a. mið af því að váttryggður dveljist ekki erlendis í meira en hálfri ári í senn. Verði breytingar á aðstæðum váttryggðs að þessu leyti eða öðrum aðstæðum, sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og iðgjaldið tekur mið af, ber honum að tilkynna það til félagsins þegar í stað. Hefur félagið rétt til að hækka iðgjaldið frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.
- 5.2 Hafi félaginu ekki borist tilkynning samkvæmt 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir breytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir sérhvert váttryggingartilvik.

6. Svik og rangar upplýsingar.

- 6.1. Hafi váttryggður við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 6.2. Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. laga um váttryggingarsamninga.



339 Örorkutrygging tengd Launavernd Landsbankans

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

7. Vátryggingarsvið.

- 7.1 Félagið greiðir bætur vegna varanlegrar örorku (starfsorkuskerðingar) sem vátryggður verður fyrir af völdum slyss eða sjúkdóms eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

8. Nánar um ákvörðun bóta.

- 8.1 Valdi slyss vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 12. og 13. gr.
- 8.2 Valdi sjúkdómur vátryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku, greiðast bætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 12. og 13. gr.
- 8.3 Varanlega örorku skv. 1. og 2. mgr. skal meta í hundradshlutum með hliðsjón af töflum örorkunefndar um miskastig, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram, eða eftir atvikum öðrum sambærilegum viðurkenndum töflum um miskastig. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu vátryggðs.
- 8.4 Vegna 100% örorku greiðist öll vátryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega. Ekki greiðast bætur ef örorkan er metin lægri en (50%).
- 8.5 Örorkubætur eru ekki greiddar ef sjúkratímabil hófst eftir að vátrygging féll úr gildi.
- 8.6 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:
- Missir eða bækun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slyss, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bækunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækuninni fyrir slyss.
 - Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slyss eða upphaf sjúkratímabils og skal hún þá metin með hliðsjón af ástandi vátryggðs á því tímamarki. Telji vátryggður eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slyssdegi eða upphafi seinasta sjúkratímabils.
 - Ef örorkumat er framkvæmt að liðnum þremur árum eftir slyss eða upphaf seinasta sjúkratímabils og gera má ráð fyrir að ástand vátryggðs af völdum hins bótaskylda atviks kunni að breytast, ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða eða sjúka megi bæta með læknismeðferð, skurðaðgerð, þjálfun eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs (örorku) að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð eða aðgerð kynni að hafa í för með sér.
 - Ef vátryggður deyr eftir að meira en ár er liðið frá slyssdegi eða upphafi sjúkratímabils, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram greiðast bætur samkvæmt sérstöku örorkumati, þar sem tekið skal mið af því hver örorkan hefði orðið með hliðsjón af heilsufari hans fyrir andlátíð af völdum hins bótaskylda atviks og að gættum þeim sjónarmiðum sem fram koma í c) lið hér að framan.
 - Slyss sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

9. Takmarkanir á bótaskyldu.

- 9.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna:
- slyss eða sjúkdóms sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
 - slyss eða sjúkdóms sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
 - slyss eða sjúkdóms sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
 - slyss eða sjúkdóms sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða



339 Örorkutrygging tengd Launavernd Landsbankans

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,

- e. slyss eða sjúkdóms sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
 - f. slyss eða sjúkdóms vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er,
 - g. slyss eða sjúkdóms vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
 - h. sjúkdómseinkenna, þ. á m. (þar á meðal) sjúkdómseinkenna af völdum slyss, sem komið höfðu fram og váttryggður vissi eða mátti vita um áður en váttryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um einkennin við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það,
 - i. sjúkdómseinkenna, þ. á m. sjúkdómseinkenna af völdum slyss, sem komið höfðu fram á tímabili þegar váttryggingin var úr gildi og váttryggður vissi eða mátti vita um, nema félagið hafi vitað um einkennin þegar váttryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils er váttryggingin var úr gildi.
- 9.2 Félagið bætir ekki slyss sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfu, lömun, bæklun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrsbiti eða -stungu.
- 9.3 Hafi slíkar ástæður, sem greinir í 2. mgr., verið þess meðvaldandi, að váttryggður missir starfsorku sína er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.
- 9.4 Váttryggingin bætir ekki starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.
- 9.5 Valdi váttryggður váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga.

10. Slyss af völdum íþróttaiðkana, flugferða o.fl. (og fleira).

- 10.1 Váttryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slyss sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slyss er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarsökki og teygjustökki.
- 10.2 Félagið bætir ekki slyss sem verða í flugi nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 10.3 Félagið bætir ekki slyss sem verða í fjallaklifri, bjargsigi og froskköfun.
- 10.4 Sumar af áhættum þeim, sem undanskildar eru í 1., 2. og 3. mgr., er þó unnt að innifela í váttryggingunni með áritun á skírteinið.

11. Ráðstafanir vegna slysa eða sjúkdóma.

- 11.1 Váttryggður skal leita lækni strax eftir að slyss eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.
- 11.2 Til kynna skal slyss og sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 11.3 Þegar sjúkdóm eða slyss ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.
- 11.4 Þegar læknishjálpar líkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins eða sjúkdómsins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.
- 11.5 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

12. Váttryggingarfjárhæð.

- 12.1 Gildandi váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu og endurnýjunarkvittunum. Á skírteininu kemur jafnframt fram hvort váttryggingarfjárhæðin breytist eftir að tilteknum aldri er náð og er sá aldur þá skráður á skírteinið. Lækkar þá váttryggingarfjárhæðin árlega frá þeim tíma við upphaf fyrsta dags hvers váttryggingarárs. Útreikningur lækkunar miðar að því að iðgjald haldist



339 Örorkutrygging tengd Launavernd Landsbankans

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

óbreytt að raunvirði milli ára, en að öðru jöfnu er iðgjald háð aldri váttryggðs og breytist árlega við endurnýjun.

13. Verðtryggingarákvæði.

- 13.1 Við endurnýjun í upphafi hvers tryggingarárs breytist váttryggingarfjárhæðin í réttu hlutfalli við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölu frá grunnvísitölu váttryggingarinnar, sem skráð er á skírteinið, til vísitölnunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölnunnar hefur ekki áhrif til lækkunar váttryggingarfjárhæðarinnar.

14. Vísitölubinding bótafjárhæða.

- 14.1 Fjárhæð bóta reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils.
- 14.2 Bótafjárhæðin breytist í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnunnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding bótafjárhæðarinnar varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils.

15. Breyting á vísitölugrundvelli.

- 15.1 Verði breyting á grundvelli vísitölnunnar skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu samkvæmt nýjum grundvelli við vísitölu samkvæmt eldri grundvelli.

16. Greiðslur bóta og vextir.

- 16.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaraburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. laga um váttryggingarsamninga.

17. Fyrning.

- 17.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa fynast samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

18. Þagnarskylda.

- 18.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar varðandi váttryggingu þessa sem trúnaðarmál.

19. Lög um váttryggingarsamninga.

- 19.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

20. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 20.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.
- 20.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 20.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 20.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skilmálar þessir gilda frá 10. nóvember 2017